

gerðar, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur til verkefna samkvæmt 3. gr. laga þessara.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982 og taka til allra afurða samkvæmt lögum þessum, sem út verða fluttar frá sama tíma. Jafnframt fellur úr gildi 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

11. maí 1982.

Nr. 44.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um lánlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977 og lög nr. 59 31. maí 1979, um breytingu á þeim lögum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í 1. mgr. 1 tl. 5. gr. komi „0,05%“ í stað „0,5%“.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. hljóði þannig:

Upphæð lána má nema allt að 70 af hundraði kostnaðarverðs, enda sé það, að dómi sjóðsstjórnarinnar, ekki hærra en eðlilegt má teljast, samkvæmt verðlagi á hverjum tíma.

3. gr.

14. gr. hljóði þannig:

Lánstími má eigi vera lengri en 25 ár. Lán til vélakaupa skulu þó ekki vera lengri en til 10 ára, nema sérstakar ástæður mæli með og örugg trygging fyrir hendi, að mati sjóðsstjórnar. Stjórn lánlánasjóðs ákveður að öðru leyti lánskjör með þeirri undantekningu þó er greinir í 15. gr.

4. gr.

7. og 8. gr. laganna falli niður. Töluröð greina breytist í samræmi við það.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Álagning iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt 1. gr. skal koma til framkvæmda á árinu 1983 á gjaldstofn ársins 1982.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.**Jón Helgason.****Logi Einarsson.**

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

Nr. 45.

11. maí 1982.

LÖG**um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. tl. 3. gr. laganna breytist svo sem hér segir:

Í stað orðanna „jafnvirði 13.2 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum“ komi: jafnvirði 19 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum.

2. gr.

Við 3. gr. bætist nýr tölulíður, 8. tl., sem hljóði svo:

Að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir 55% af láni, er félagið tekur og í heild nemur allt að 6 milljónum bandaríkjadollara eða jafngildi þess í annarri mynt, ásamt vöxtum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.**Jón Helgason.****Logi Einarsson.**

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.